

1870.

24. febrúar.

18. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um nýja presta-handbók.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast að fallast á, með úrskurði 19. þ. m., að sú presta-handbók, sem að tilhlutun yðar, háæruverðugi herra, er endurskoðuð og útgefin í Reykjavík í fyrra, og kölluð: „Handbók fyrir presta á Íslandi. Endurskoðuð í Reykjavík, 1869“, megi verða höfð við guðsþjónustugjörð og önnur kennimannleg embættisverk á Íslandi, og að hver kirkja í landinu megi kaupa sér eitt exemplar af henni handa prestinum.

Þetta skal yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og svo þér gjörð ráðstafanir þær, sem með þarf.

26. febrúar.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um að verja öðruvísi fé því, sem hefir verið haft til frævakaupa til útbýtingar á Íslandi.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað nokkrar umkvartanir yfir því, að garðfræ það, sem stjórnin lét senda til suðurumdæmisins til útbýtingar milli landsmanna árið 1868, hafi reynzt illa, hafið þér látið í ljósi, að umkvartanir þessar sé ástæðulausar, og að þó garðyrkja á því ári hafi mistekizt í suðurumdæminu, sé það fremur því að kenna, að landsmenn leggi litla rækt við garðyrkju, en því, að fræið sé ónýtt; en í bréfi yðar, dagsettu 30. septbrm. 1868, hafið þér eigi að síður álitid rétt, að bera það upp við stjórnarráðið, hvort ekki væri ástæða til að hugleiða, hvort eigi mætti verja betur en hingað til þeim 300 rd., sem árlega hafa verið veittir til þess að bæta og efla garðyrkju á Íslandi, þar sem útbýtingin af garðfræi milli landsmanna ekki gjörði neitt verulegt gagn, og landsmönnum ekki þætti það þakkarvert að fá fræið, og hafið þér jafnframt stungið

uppá, að sá hluti af þessu fè, sem suðurumdæminu felli í skaut, 1870.
kæmist undir umráð bústjórnarfélags suðurumdæmisins, svo að 26. febrúar.
þetta félag eingöngu gæti varið fènu til þess að bæta og efla
garðyrkju. Samfara þessu hafið þér, herra stiptamtmaður, í bræfi
yðar, dagsettu 4. nóvbrm. s. á., sent hingað bænarskrá frá stjórn
nefnds félags, sem fer í sömu átt og þessi uppástunga yðar.

Eptir að stjórnarráðið útaf þessu hefir tekið á móti tveimur
álitsskjölum frá vesturumdæminu og norður- og austur-umdæminu,
skal það yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér
gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið, eptir því
valdi, sem hans hátign konungurinn hefir til þess veitt, selur stipt-
amtmani í hendur öll ráð yfir því fè, sem árlega kynni að verða
veitt til þess að efla og bæta garðyrkju á Íslandi, þannig að fènu,
sem verður að skipta milli umdæmanna eptir fólkstölu, eptir því
sem nú er ástatt, á þá leið, að suðurumdæmið fái 106 rd.,
vesturumdæmið 74 rd., og norður- og austur-umdæmið 120 rd.
á ári, verði varið sumpart á þann hátt, að í suðurumdæminu
verði leitað álits hlutadeiganda sýslumanns og bústjórnarfélagsins,
en í hinum umdæmunum farið eptir uppástungum amtmannanna,
og svo verðlaun veitt þeim, sem framúr hafa skarað að dugnaði
ekki aðeins í garðyrkju, heldur og í öðrum greinum jarðyrkjunnar,
t. a. m. túngarða-hleðslu, þúfnaslættun, vatnsveitingum, plægingum
og öðru því um líku, sumpart á þann hátt, að fyrir fèð verði
keypt sprengipúður og jarðyrkjuverkfæri. Skal því viðbætt, að
þessi breyting á að gilda frá fjárhagsárinu 1871/72, og verður að
birta þetta á manntalsþingunum í vor og í sumar.

**20. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- 28. febrúar.
mannsins yfir Íslandi, um styrk til að kenna mál.
lausum og heyrnarlausum börnum.**

Í bænarskrá, sem þér herra stiptamtmaður sem konungsfull-
trúi á síðasta alþingi Íslendinga hafið sent stjórnarráðinu, hefir
alþing farið fram á, fyrst og fremst að sóknarpresti Páli Pálssyni